

Þriðjudaginn 23. ágúst 1994 kl. 14:00

35. fundur samkeppnisráðs

Álit Samkeppnisráðs nr. 3/1994.

**Um samkeppnisstöðu
félaga vörubifreiðastjóra**

**I
Efni kvörtunar**

Þann 6. apríl 1993 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Verktakasambandi Íslands (VÍ), sem taldi að tilboðsgerð félaga vörubifreiðastjóra í verklegar framkvæmdir samrýmdist ekki ákvæðum samkeppnislaga. VÍ rökstuddi þetta annars vegar á grundvelli laga um leigubifreiðar nr. 77/1989 og hins vegar á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar nr. 96/1990.

Í bréfi VÍ koma eftirfarandi atriði fram til rökstuðnings erindinu:

- Í 2.mgr. 2.gr. laga nr. 77/1989 um leigubifreiðar segir að á félagssvæðum, þar sem eru starfræktar viðurkenndar bifreiðastöðvar sé öllum, sem aka utan þeirra, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á viðkomandi svæði. VÍ telur að með lögum sé verið að veita félögum vörubifreiðastjóra einokunarstöðu á svæðinu að því er tekur til leiguaksturs. Einnig telur VÍ að félögin geti misnotað þessa stöðu til undirboða á sviði verktakaiðnaðar. Félögin taki þá fullt gjald fyrir leiguakstur en noti hagnaðinn af þeirri starfsemi til undirboða.
- Samkvæmt 1.gr. laga nr. 96/1990 um atvinnuleysistryggingar eiga atvinnulausir félagar í stéttarfélögum rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Vörubifreiðastjórar falla undir þetta ákvæði og eiga þar af leiðandi fullan rétt á atvinnuleysisbótum eins og aðrir launþegar. VÍ kveður það "*...skapa ójafnvægi á markaðinum að vörubifreiðastjórar eiga rétt til atvinnuleysisbóta, þrátt fyrir að þeir vinni tvo daga í viku. Þeir gætu því haft efni á því að þiggja lægri laun fyrir vinnu sína þessa tvo daga, en þannig skapast ríkari grundvöllur til undirboða.*"

Á meðan málið var til umfjöllunar hjá Samkeppnisstofnun var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt á þá leið að komið var í veg fyrir að vörubifreiðastjórar fengju bætur nema þeir væru hættir eigin atvinnurekstri, atvinnulausir eða í atvinnuleit. Gildistaka lagabreytingarinnar var ákveðin 1. okt. s.l. og þess vegna taldi Samkeppnisráð ekki ástæðu til þess að fjalla efnislega um þetta atriði í kvörtuninni.

Jafnframt var upplýst að samgönguráðherra hygðist leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar sem fæli í sér afnám á þeirri svæðisvernd sem vörubifreiðastjórar njóta. Taldi samkeppnisráð eðlilegt að fresta umfjöllun um þennan þátt erindisins þar til áform ráðherra í málinu skýrðust frekar.

VÍ áfrýjaði niðurstöðu Samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þann 22. september 1993. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ákvarðanir samkeppnisyfirvalda yrði að byggja á gildandi lögum nema í fáum undantekningartilvikum sem ættu ekki við hér. Ákvörðun Samkeppnisráðs var felld úr gildi og lagt fyrir ráðið að fjalla um erindi VÍ á nýjan leik.

II Álit Samkeppnisráðs

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr., vekur Samkeppnisráð athygli ráðherra á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli 19. gr. sbr. d - lið 2. mgr. 5. gr. laganna.

1.

Samkvæmt 1.gr. laga nr. 96/1990 um atvinnuleysistryggingar eiga atvinnulausir félagar í stéttarfélögum rétt á bótum úr Atvinnuleysis-tryggingasjóði. Vörubifreiðastjórar féllu undir þetta ákvæði og áttu þar af leiðandi fullan rétt til atvinnuleysisbóta jafnt og aðrir launþegar.

Lögunum nr. 96/1990 var breytt með lögum nr. 54/1993. Samkvæmt 2. mgr.1. gr. hinna breyttu laga eiga sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hættir eru eigin atvinnurekstri, en eru atvinnulausir og í atvinnuleit, sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn. Undir þetta ákvæði sem eins og að framan greinir gekk í gildi 1. október s.l., falla vörubifreiðastjórar svo og aðrir verktakar og með því var komið í veg fyrir að vörubílstjórar fái bætur með þeim hætti sem fram kemur í kvörtun VÍ. Sá hluti kvörtunar Verktakasambands Íslands sem lýtur

að atvinnuleysistryggingum er því ekki lengur fyrir hendi og sér Samkeppnisráð ekki ástæðu til að fjalla frekar um hann.

2.

Í 1.gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, kemur fram að þau taka til fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs. Samkvæmt 2.mgr. 4.gr. er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um mörkin milli atvinnusviðs fólksbifreiða, vörubifreiða og sendibifreiða sem notaðar eru til leiguaksturs.

Í II. kafla laga um leigubifreiðar, sem fjallar um bifreiðastöðvar, kemur fram í 2. mgr. 2. gr. að á félagssvæðum, þar sem eru starfræktar viðurkenndar bifreiðastöðvar er öllum, sem aka utan þeirra, bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á svæðinu.

Samkvæmt III. kafla laganna er samgönguráðuneytinu heimilt eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, hvort heldur er um að ræða félag fólksbifreiðastjóra, vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæði. Skilyrði þessarar takmörkunar er að til komi meðmæli þeirra bæjarstjórna og héraðsnefnda er félagssvæðið fellur undir, sbr. 4.gr. laganna. Þar sem takmörkun er heimiluð skal hún ákveðin af samgönguráðuneytinu með reglugerð, sbr. 2.mgr. 4.gr. Á þessum svæðum er öllum utanfélagsmönnum bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum.

Það er mat Samkeppnisráðs að sú svæðisvernd sem felst í lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989 stríði gegn markmiði samkeppnislaga um að efla virka samkeppni í viðskiptum. Jafnframt bendir ráðið á að verði svæðisverndin numin úr gildi munu ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993 taka til þessarar starfsemi. Í 10. gr. samkeppnislaga er að finna afdráttarlaust bann við skiptingu markaða eftir svæðum.